

AUGLÝSING

um breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024, Álftanesvegur og Garðaholt, Garðabæ.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 21. október 2008 staðfest breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingin felst í því að Álftanesvegur frá Garðahrauni/Gálgahrauni að sveitarfélagarmörkum við Álftanes færir til suðurs á 1,5 km kafla. Nýi vegurinn mun liggja í núverandi vegarstæði á um þriðjung leiðarinnar. Skilgreindur er nýr byggðareitur fyrir blandaða byggð til 2024 norðan megin við nýjan veg.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 21. október 2008.

Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 4. nóvember 2008